

STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2017, föstudaginn 25. ágúst var haldinn 271. fundur stjórnar Strætó bs. Fundurinn var haldinn í Mjódd og hófst hann kl. 11.00. Mætt voru Heiða Björg Hilmisdóttir stjórnarformaður, Gunnar Valur Gíslason, Bryndís Haraldsdóttir, Guðlaug Kristjánsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir og Sverrir Óskarsson. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri fjármála og reksturs, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram tillaga að meginforsendum fjárhagsáætlunar Strætó fyrir árið 2018 þar sem kemur m.a. fram tillaga um að auka akstur um kvöld og helgar, að sérstök sumaráætlun verði aflögð, næturstæði aðfararnótt laugar- og sunnudags. Jafnframt er gert ráð fyrir breytingum á leiðum 2, 6, 6a, 21, 28 og 35, sem tengjast m.a. nýjum byggðakjörnum á höfuðborgarsvæðinu og bættri þjónustu. Stjórn samþykkir að framlögð tillaga að meginforsendum fjárhagsáætlunar 2018 verði lögð fyrir eigendafund fyrirtækisins í samræmi við grein 5.2.5 í eigendastefnu Strætó.

Lögð fram svohljóðandi bókun:

Framlögð tillaga felur í sér aukna og bætta þjónustu Strætó við íbúa höfuðborgarsvæðisins. Áætlaður brúttókostnaður vegna breytinganna er um 462 m.kr. á ársgrundvelli, áætluð tekjuaukning um 208 m.kr. og nettókostnaður um 254 m.kr.

Lögð fram svohljóðandi bókun Sigrúnar Eddu Jónsdóttur, fulltrúa Seltjarnarnesbæjar:

Sigrún Edda vísar í umsögn Seltjarnarnesbæjar sem send var Strætó um lengingu á akurstíma og næturstæði en þar kom fram að Seltjarnarnes telur ekki tímabært að fara í næturstæði.

2. Önnur mál
 - a) Umfjöllun um öryggismál í kjölfar slyss sem varð 23. ágúst sl.
 - b) Sameiginlegur fundur stjórnar Sorpu og stjórnar Strætó. Stjórn felur stjórnarformanni og framkvæmdastjóra að finna fundartíma í samráði við stjórnendur Sorpu.
 - c) Fyrirspurn um endurútgáfu leiðakerfisbóka. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara fyrirspurninni í samræmi við umræður á fundinum.
 - d) Framkvæmdastjóri skýrði frá því að ný tegund af metan vagni (blár í útliti) væri í tilraunaakstri hjá Strætó á árinu 2017

Fundi slitið kl. 12.30

Heiða Björg Hilmisdóttir

Guðlaug Kristjánsdóttir
Bryndís Haraldsdóttir
Sigrún Edda Jónsdóttir

Sverrir Óskarsson
Gunnar Valur Gíslason